

Stykkishólmsbær
Hafnargötu 3
340 Stykkishólmur

Reykjavík, 20. ágúst 2019
UST201904-152/S.M.
08.14.02

Reglubundið eftirlit, 4. júní 2019, á urðunarstað Stykkishólmsbæjar við Ögur.

Þann 4. júní sl. fór fram reglubundið eftirlit á urðunarstað Stykkishólmsbæjar við Ögur. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Ein ábending var gerð í eftirlitinu og tvö frávik komu fram er varða:

1. Gr. 3.1 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal taka saman upplýsingar um skráningar og senda ársyfirlit til Umhverfisstofnunar fyrir 1. mars ár hvert. Ekki hafa allar skráningar borist.
2. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Allur atvinnurekstur, sbr. viðauka I-V, skal hafa gilt starfsleyfi sem Umhverfisstofnun eða heilbrigðisnefndir gefa út, sbr. þó 8. gr. Starfsleyfi urðunarstaðarins rann út 1. júlí 2018.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 10. september, 2019.

Virðingarfyllst


Sigríður Magnúsdóttir


Frigg Thorlacius

Afrít: Heilbrigðisnefnd Vesturlands

EFTIRLITSSKÝRSLA

Stykkishólmsbær Ögur



Dags eftirlits	4.6.2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	Stykkishólmsbær	Eftirlitsmaður	
Heimili	Hafnargötu 3	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	620269 7009	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Þór Örn Jónsson	ÍSAT nr.	38.21.00
Fulltrúi fyrirtækis	Gunnar Jónsson	Staðsetning	370295,874 514886,814

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit kom fram eitt frávik frá starfsleyfi er varðar skil á skráningum sem og frávik frá lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er varðar rekstur á urðunarstað án starfsleyfis. Ein ábending er gerð er varðar uppfærslu á viðbragðsáætlun.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit með urðunarstaðnum við Ögur í Stykkishólmsbæ þann 4. júní s.l., urðunarstaðurinn er sem stendur án starfsleyfis en umsóknarferli um nýtt starfsleyfi er hafið.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Umfang starfsemiðinnar (gr. 1.2)
2. Skráningar (gr. 3.1)
3. Viðbragðsáætlun (gr. 4.3)
4. Tilkynningar vegna mengunaróhappa (gr. 4.3)
5. Tryggingar (gr. 4.5)
6. Síðasta eftirlitsskýrsla
7. Áhættumat Umhverfisstofnunar til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
8. Skoðunarferð um svæðið

Eftirlitið hófst á skrifstofu Stykkishólmsbæjar þar sem farið var yfir atriði samkvæmt umfangi eftirlitsins og lauk með skoðunarferð um urðunarstaðinn.

Á urðunarstaðnum er heimilt að urða allt að 500 tonnum af óvirkum úrgangi á ári. Árið 2018 voru urðuð 228 tonn af blönduðum bygginga- og niðurrifsúrgangi, 62 tonn af garðaúrgangi var jarðgerður. Jarðgerðin fer fram í þar til gerðum jarðgerðargáum á móttökustöð Íslenska gómafelagsins og er moltan síðan m.a. nýtt við gerð jarðvegsmana á urðunarstaðnum.

Farið var yfir skráningar skv. gr. 3.1 í starfsleyfi. Skráningum vegna magns úrgangs hefur verið skilað, öðrum skráningum hefur ekki verið skilað. Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila og fyri eftirlitsskýrslum hefur ekki gengjí að mæla efnasamsetningu sigvatns á urðunarstaðnum vegna þess að brunnar hafa verið þurrir. Leitað hefur verið leiða til að bregðast við þessu, t.d. með dýpkun brunnanna en það hefur engan árangur boríð.

Farið var yfir stöðu viðbragðsáætlunar og fram kom að UMÍS ehf - Environice hefði unnið áhættumat og viðbragðsáætlun fyrir urðunarstaðinn. Rekstraraðili er með tryggingar samkvæmt ákvæðum starfsleyfisins. Kynntar voru nýjar leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um tilkynningar vegna mengunaróhappa og er rekstraraðila bent á að uppfæra viðbragðsáætlun með hliðsjón af leiðbeiningunum ef þörf er á.

Áhættumat Umhverfisstofnunar til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða var kynnt í eftirlitinu, en samkvæmt 57. gr. reglugerðar nr 550/2018 ber stofnuninni að byggja tíðni vettvangsheimsókna á kerfisbundnu mati á umhverfishættu viðkomandi starfsemi. Í lok árs mun stofnunin síðan rýna heildraent niðurstöður áhættumatsins og nota sem grunn við gerð eftirlitsáætlunar 2020.

Farið var yfir niðurstöður síðustu eftirlitsskýrslu. Eitt frávik kom fram í eftirliti 2017 er varðaði geymslu á garðaúrgangi inn á urðunarstaðnum. Við eftirlit nú kom fram að garðaúrgangnum hefði verið fundinn annar staður og telst frávakinu því lokið.

Að fundi loknum var haldið á urðunarstaðinn og hann skoðaður. Urðunarstaðurinn er snyrtilegur og vel skipulagður, girðingar í lagi og hlið læst. Verklag er í samræmi við starfsleyfi. Unnið er að gerð jarðvegsmana og er molta m.a. nýtt til verksins. Einn hálf niðurgraffin gámur er á staðnum sem til stendur að fjarlægja skv. upplýsingum frá rekstraraðila.

Frávik frá

gr. 3.1 í starfsleyfi

Lýsing á fráviki

Rekstraraðili skal taka saman upplýsingar um skráningar og senda ársyfirlit til Umhverfisstofnunar fyrir 1. mars ár hvert. Ekki hafa allar skráningar borist.

6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir

Allur atvinnurekstur, sbr viðauka I-V, skal hafa gilt starfsleyfi sem Umhverfisstofnun eða heilbrigðisnefndir gefa út, sbr. þó 8. gr. Starfsleyfi urðunarstaðarins rann út 1. júlí 2018.

ÁBENDINGAR

1. Rekstraraðila er bent á að uppfæra viðbragðsáætlun með hliðsjón af leiðbeiningum um tilkynningar vegna mengunaróhappa, ef þörf er á.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 20.08.2019

Sigríður Magnúsdóttir

Sigríður Magnúsdóttir